



286. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 17. október 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Hjörleifur K. Hjörleifsson, HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Samþykkt að taka inn með afbrigðum á dagskrá lið 3.3. bréf Sverris Kristjánssonar fasteignasala dags. 16.10.2012 varðandi nýtingu forkaupsréttar vegna Hafnargötu 4.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 489, dags. 10.10.2012.

Fundagerð framlögð.

Liður 26 tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 19.9.2012 varðandi fjárhagsáætlun 2013 og gjaldskrárbreytingu.

Framlagt og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 tölvupóstur Sorpurðunar Vesturlands hf. dags. 18.9.2012 varðandi gjaldskrárhækkun 1.1.2013.

Framlagt og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga dags. 17.9.2012 varðandi nýjan rekstraraðila að Sjávarpakkhúsinu – umsögn.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við nýjan rekstraraðila að Sjávarpakkhúsinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Hjörleifur Kristinn situr hjá vegna tengsla.



**Liður 29 tölvupóstur Útgerðarfélagins Álfa ehf. dags. 2.10.2012
varðandi nýtingu forkaupsréttar vegna Silfurgötu 14.**

Bæjarráð fellur frá forkaupsrétti að Silfurgötu 14.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 30 tillaga Davíðs Sveinssonar og Egils Egilssonar um
tómstundar- og markaðsfulltrúa.**

Við undirritaðir leggjum til að auglýst verði í tímabundna stöðu
Tómstunda- og markaðsfulltrúa. Starfshlutfall verði 80% og vinnutími
sveigjanlegur.

Starfið feli í sér umsjón og viðveru í félagsmiðstöðinni og skipulag og
framkvæmd tómstundastarfs barna- og unglunga. Starfsmaðurinn sjái um
skipulag tómstundastarfs eldri borgara og að hluta framkvæmd þess. Til
dæmis sjái um göngu- og leshóp, auk annarra tilfallandi verkefna í
samvinnu við félag eldri borgara Aftanskin og aðra þá er koma að
tómstundastarfi eldri borgara. Gerir tillögur og samræmir það sem í boði
er. Viðkomandi verði tengiliður við þá er að markaðsstarfi koma í
sveitarfélaginu.

Bæjarstjóra verði falið að útbúa starfslýsingu fyrir starfið.

Greinagerð: Stykkishólmsbær hefur haft starfsmann til þess að sinna
skipulagningu tómstundastarfs barna, unglunga og eldri borgara í 50%
starfshlutfalli. Einnig hefur Stykkishólmsbær haft starfsmann
félagsmiðstöðvar í 50% starfshlutfalli yfir vetrarmánuðina. Með þessari
tilfærslu og breyttum áherslum teljum við meiri skilvirkni náist.

Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Undirritað greiða atkvæði gegn framlagðri tillögu um tómstunda- og
markaðsfulltrúa. Ekki verður séð að tillagan verði til þess að meiri
skilvirkni náist, nema síður sé, á þeim störfum sem tillagan gerir ráð fyrir
að dregin séu saman. Í fyrsta lagi er markaðsstarf í Stykkishólmi og
markaðstarf Stykkishólmsbæjar í lang flestu tilliti ótengt starfi íþrótt- og
tómstundafulltrúa og forstöðumanns félagsmiðstöðvar. Nær væri að hafa
slíkan tengilið á skrifstofu Stykkishólmsbæjar, eða semja við Eflingu um
það verkefni. Í öðru lagi teljum við að fyrirkomulag sem var við starf
íþrótt- og tómstundafulltrúa hafi gefið góða raun og með því óbreyttu hafi
mátt vænta vaxandi árangurs.



Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur K Hjörleifsson

Til máls tóku: GDP,GS,DS,ÍHS,EE og LÁH

Liður 31 tillaga Davíðs Sveinssonar og Egils Egilssonar varðandi hljómsveitaræfingar.

Við undirritaðir leggjum til að Tónlistarskólanum verði falið að sjá um eftirlit og aðstoð með frjálsum tónlistaræfingum ungmenna í húsnæði Tónlistarskólans. Starfshlutfallið verði að hámarki 20%.

Greinargerð: Í gegnum tíðina hefur verið mikill metnaður í tónlistarlífi bæjarbúa. Þau ungmenni sem hafa haft áhuga á að iðka frjálsan tónlistarflutning í stærri og minni hópum hafa ekki haft aðgang að húsnæði og faglegru aðstoð við áhugamál sitt undanfarin misseri. Við teljum því rétt að taka þetta skref þessum hópi tónlistarfólks til framdráttar.

Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

Liður 32 umsókn Magðalenu Hinriksdóttur um launalaust leyfi, dags. 01.10.2012.

Samþykkt að veita Magðalenu Hinriksdóttur launalaust leyfi í eitt ár, frá 1. janúar 2013 að fenginni umsögn leikskólastjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt Hjörleifur Kristinn sat hjá vegna tengsla.

Til máls tók: LÁH

Liður 34 erindi frá Eflingu varðandi tjaldstæði og upplýsingamiðstöð.

Samþykkt að segja ekki upp samningum um Upplýsingamiðstöð og tjaldstæði við Golfklúbbinn Mostra. Að öðru leyti er erindinu vísað til bærarstjórnarfundar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bærarstjórn tekur jákvætt í erindi Eflingar varðandi greinagóðar upplýsingar um þjónustuaðila á heimasíðu Stykkishólmsbæjar. Samþykkir að skoðað verði tilboð Eflingar um vinnu vegna sérverkefna.



Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

Liður 35 tölvupóstur SSV vegna sóknaráætlunar landshluta og niðurstöður aðalfundar SSV 2012.

Samþykkt að vísa erindinu til afreiðslu á næsta bæjarstjórnarfundi.

Bæjastjórn samþykkir að gerð verði tillaga sem byggir á þeirri uppstillingu sem notast er við á svæði SASS.

Til máls tóku: GDP,DS,GS,ÍHS og LÁH

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,ÍHS,HKH og LÁH

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 26.09.2012.
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,HKH,DS,ÍHS og GS

2.2. Fundargerð stjórnar dvalarheimilis aldraðra, dags. 11.09.2012.
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

2.3. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 12.09.2012.
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: LÁH

3. Annað.

3.1. Gámasvæði, tillaga að breyttum reglum og gjaldskrá.
Tillaga að reglum og gjaldskrá samþykkt með áorðnum breytingum.

Tillaga Gretars um gjaldskrá og reglur fyrir geymslu- og gámasvæði Stykkishólmsbæjar.

Samþykkt samhlóða að vísa tillögum til næsta bæjarráðsfundar.

Til máls tóku: GDP,GS,DS,ÍHS og LÁH

3.2. Opinber störf í Stykkishólmi.

Tillaga varðandi opinber störf.

Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkir að fela SSV þróun og ráðgjöf að gera úttekt á þróun fjölda opinberra starfa í Stykkishólmi á undanförunum árum. Jafnframt verði kannað eins og kostur er hver



stefna opinberra aðila og fyrirtækja er varðandi störf í Stykkishólmi og á landsbyggðinni.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur K Hjörleifsson

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

- 3.3. Bréf Sverris Kristjánssonar fasteignasala dags. 16.10.2012 varðandi nýtingu forkaupsréttar vegna Hafnargötu 4. Bæjarstjórn fellur frá forkaupsrétti að Hafnargötu 4.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:15
Þór Örn Jónsson**